

Nd.

528. Lög

um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Upphaf lagagreinarinnar skal orða svo:

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í lögum þessum, eða taka laun samkvæmt öðrum lögum, sem ekki ákveða sjerstaklega um dýrtíðaruppbót, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, til ársloka 1928 launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

2. gr.

Síðari málsgrein lagagreinarinnar skal orða svo:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu

af $\frac{2}{3}$ launanna, þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári, eins og allsherjarvisitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis launum, mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega. Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $\frac{5}{6}$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót hæstarjettardómara mega þó nema 10500 kr. og dómstjóra og ráðherra 12500 kr.